



## FRÁ BERLÍN

(1906)

Mig bar að höllinni um það leyti, sem sagt var, að keisari væri vanur að aka út; en ekki birtist hann í það skipti. Gekk ég þá í Zeughaus (tsöjghás), sem er réttnefnd Valhöll Prússaveldis, einkum frægðarsalurinn, Ruhmeshalle. Eru þar á veggjunum feiknastórar litmyndir af ýmsum atburðum úr hinum sigursælu orrustum Prússa. Myndasagan endar á krýningunni í Versöllum, þar sem Vilhjálmur I., sem sonarsonur hans hefir skírt hinn mikla, lætur á höfuð sér keisarakórónuna þýzku í söllum Loðvíks 14. og Napoleons mikla; en umhverfis standa kappar hans, og fremstir í flokki tröllið Bismarck, Friðrik keisaraefni, sem var fullt eins hár vexti, og hinn herkæni Moltke. Í Zeughaus er enn fremur mesti fjöldi af herteknum gunnfánunum og kanónum, mest úr stríðinu við Frakka 1870—1871; þar er hattur Napoleons, sverð og ýmsir dýrgripir, er hann hafði með sér í orrustunni við Waterloo.

Fólkið stóð hugfangið og horfði á dýrtinga sína, sem birtast því þarna í nokkurs konar vígljóma; troðfullt var í öllum söllum af fólki, og svo kvað vera hvern dag. Eftirtektarverður er sá munur, sem er á aðsókninni að þessu safni, er sýnir herfrægð Prússans, og að hinum söfnunum, vísindasöfnum og lista; má nærri geta, hve Þjóðverjum svellur móður og eykst Þjóðardramb við að ganga í þenna helgidóm, sem fráleitt er til eflingar friðinum. Það er sagt, að mjög mikill ófriðarhugur sé í

þýzkum herforingjum, ekki sízt eftir sigurvinninga Japana, sem þeir telja lærisveina sína í hernaðariþrótt.

Vopnasafnið í Zeughaus er afar fjölskrúðugt og nær langt aftur í aldir; furða er að sjá, hvað mannskepnan hefir notað margs konar handvopn til að slíta lífið úr sínum líkum; einna óskemmtilegust eru gaddaverkfærin álots, og eiga eflaust mörg þessi vopn ljóta og blóðuga skelfingasögu. Mjög mikið er þar af herbúningum og herklæðum, hringofnum serkjum og pönsurum alls konar. En að þessu leyti jafnast þetta vopnasafn þó varla á við safnið í Vínarborg; að minnsta kosti eru þar skrautlegri herklæði, og er mér einkum minnisstæð gullrennd brynja Karls keisara fimmta; hún jafnast á við herklæðalýsingarnar í riddarasögunum.

Um kvöldið gekk ég út í Siegesalle (sigurbraut); það er breiður skemmtistígur og beggja vegna háar marmaramyndir, 32 að tölu. Tvær af þessum myndum (ef ekki fleiri) eru eftir myndasmið af íslenskum ættum, Harro Magnússen, sonarson Finns prófessors Magnússonar, en hann var bróðursonur Eggerts Ólafssonar. Hefir Vilhjálmur II. látið reisa þar líkneski af öllum fyrirrennum sínum, frá fyrsta greifanum af Brandenburg og að föður sínum, Friðriki keisara Þjóðverja; þar er kjörfurstinn mikli, Friðrik mikli, og Vilhjálmur mikli, er Vilhjálmur hinn stórorði vill svo nefna láta, en óvíst, hversu nafnið festist vel við hann.

Ég settist á bekk, þar sem ég sá sigurgyðjuna gnæfa við himin á sigursúlu sinni, sem þrígirt er gylltum kanónum, rændum frá Dönum, Austurríkismönnum og Frökkum. Það, sem ég hafði lesið um Prússasögu, hafði legið dautt í huga mér, en nú færðist líf í það. Ruhmeshalle, Siegesäule, Siegesallé! hvílíkt sigurhrós í þessum orðum. Og ekki að ástæðulausu. Höfðingjar Prússaveldis hafa í sannleika farið sigurbraut og það stórstígir. En hvílíkur munur á Friðriki II., vini Voltaires, og Vilhjálmi II., sem stefndi hermönnum sínum saman með blæstri og bumbuslætti fyrir framan háskólann, þar sem verið var að halda minningarhátíð Schillers í vor; auðvitað til að lýsa vanþóknun sinni á þjóðskáldinu.

Danir hugsa sumir með ugg og ótta til jötunins fyrir sunnan, er svo hefir verið stórhöggur; en aldrei hefir hann hærra

reitt til höggs en nú, og er ekki ólíklegt að hann muni einhvers staðar vilja láta niður koma. Sumir eru jafnvel hræddir um, að hinar ósigrandi hersveitir Þjóðverja muni vaða yfir Danmörk, áður en lýkur fyrsta tug þessarar aldar. Viljann þarf víst ekki að efa, enda væri Danmörk einhver hin bezta viðbót við keisaraveldið þýzka.

En þar mundi nú líklega við rammari teip að draga en eina smáþjóð. Bretar sendu Ermarsunds deildina af flota sínum til Eystrasalts í haust, eins og kunnugt er; er talið, að það hafi verið af svipuðum ástæðum eins og þegar Ófeigur Járngerðarson setti hnefann á borðið fyrir Guðmund ríka forðum. Og árangurinn verður ef til vill svipaður. Það hafði sýnt sig, að allur þýzki flotinn, sem komið hefir verið upp af svo ærnu kappi og kostnaði, mundi eiga við ofurefli að etja, þar sem er þessi eina deild hins tröllaukna herflota Bretans.